



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 15. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 25.04.2012 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varaformaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
Ingi Geir Sveinsson (IGS) meðstjórnandi

Boðuð forföll:

Fjarverandi:

Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., þing, afmæli og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Þing KLÍ:

Þingið verður haldið 2. maí. Búið er að senda seinna þingboð og þær tillögur sem ekki voru samþykktar á formannafundinum. ÞI minnti GS á að láta vita með tilnefningar í þingnefndir og mun hafa samband við ÍR. Tillaga frá formannafundi var að skipað væri í kjörnefnd fyrir þing, því það þarf að fá a.m.k 7 frambjóðendur í stjórn. Nefndin er skipuð Herði Inga frá ÍR, Rögnu Matthíasdóttur frá KFR og GS fyrir hönd KFA. ÞI spurði stjórnarmenn um áframhaldandi setu og HH og IGS munu gefa kost á sér áfram, en GS mun ekki gera það. ÞI mun athuga með þingritara.

Ársskýrslan svo gott sem tilbúin, en hún mun fara í fjölritun þann 30/4.

Ársreikningarnir eru tilbúnir og mun ÞI skila þeim inni Felix. ÓPV mun skoða fjárhagsáætlunina og hafa hana tilbúna fyrir þing. Hann mun leita til VG með aðstoð við landsliðsferðahlutann.

Annað er tilbúið fyrir þinghald.

3. Afmæli og heimsókn:

Hóf í tilefni af 20. ára afmælis KLÍ verður haldið í Íþróttamiðstöðinni þann 16/5. Ástæðan fyrir tímasetningunni er heimsókn forseta ETBF, Addie Opphelders. Stefnt er á að hafa um 50 manna móttöku milli 17 og 19. Boð verður sent á framkvæmdarstjórn og starfsfólk ÍSÍ, stjórnir keilufélaganna, nefndarmenn, fyrrverandi formenn, þá keilara sem hlotið hafa afreksmerki, ásamt fleirum. Tillaga ÞI að þeim sem hljóta eiga silfurmerki var samþykkt og mun ný stjórn hafa tækifæri á að bæta við.

Forseti ETBF mun heiðra KLÍ með nærveru sinni og vonum við að hann geti hitt forsvarsmenn ÍSÍ. Hann mun einnig skoða aðstöðu keilunnar í Reykjavík.

4. Önnur mál:

Liðaskráningar – Búið er að senda skráningar fyrir eldri lið á félögin, en þeim á að skila 15. maí. Verið getur að frestur verði veittur á því þar sem töluverðar hækkanir eru yfirvofandi á brautarleigu í Reykjavík.

Viktin – Enn hefur ekki borist staðfesting á því hvenær viktin verður tilbúin til afhendingar.

Það síðasta sem kom var að framleiðandinn væri að bíða eftir einhverjum hlutum til að klára dæmið.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Netþjónninn – Netþjónninn sem heimasíða KLÍ er vistuð á heldur áfram að fyllast þannig að ekki er hægt að setja inná hann. ÞI mun verða í sambandi við ÞH varðandi lausn á þessum vanda.

AMF – GS ítrekaði að klára þyrfti fyrri samþykkt stjórnar að KLÍ mundi styrkja „keppandann af hinu kyninu“, væntanlega kvenn keppendann til þess að komast á AMF mótið í nóvember og nota til þess útbreyðslupeninginn. Samþykkt var að veita 50.000 í þetta verkefni.

Fundi slitið 18:40 – næsti fundur boðaður af nýjum formanni.